

✉ Re: Aðalskipulag Skaftárhrepps 2019-2031 - Heildarendurskoðun

Búið til	28.6.2022 14:58:14
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	28.6.2022 14:58:13
Tilheyrir	📁 202205-0023 - Aðalskipulag Skaftárhrepps 2019-2031 - Heildarendurskoðun

Efni

Re: Aðalskipulag Skaftárhrepps 2019-2031 - Heildarendurskoðun

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	28.6.2022 14:58:13	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	bygg@klaustur.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um aðalskipulagstillöguna:

Tilvísun í mál nr. 202205-0023 (SS).

Vísað er til tölvubréfs frá skipulags- og byggingafulltrúa Skaftárhrepps, dags. 13. maí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um heildarendurskoðun á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2019-2031.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um vinnslutillögu að heildarendurskoðun aðalskipulagsins þann 5. janúar 2021. Efnisatriði þeirrar umsagnar eiga enn við t.d. umfjöllun um svæði með hátt náttúruverndargildi, jákvæð viðbrögð Náttúrufræðistofnunar með áformaða hverfisverndun á hálendi, lindasvæðum og víðar, ábendingar um skógrækt og um verndun búsvæða fugla o.fl. Þess ber að geta að brugðist hefur verið við nokkrum athugasemdum Náttúrufræðistofnunar. Sérstaklega er jákvætt að sjá að þau svæði sem eru tillögur Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúruuminjaskrár hafa verið felldar undir landnotkunarpáttinn „Önnur náttúruvernd“ þótt ekki sé búið að samþykkja og gefa út B-hlutann enn.

Náttúrufræðistofnun vill til viðbótar við það sem fram kemur í fyrri umsögn, koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Náttúrufræðistofnun telur mjög miður að stefnt sé að framkvæmd Hnútuverkjunnar þótt niðurstaða umhverfismats hafi verið sú að umhverfisáhrif verkunnarinnar séu umtalsverð og margþátta eins og fram kemur í álitni Skipulagsstofnunar frá 24. október 2017. Náttúrufræðistofnun veitti ítarlega umsögn um aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagstillögu vegna Hnútuverkjunnar þann 8. júlí 2021 þar sem sjónarmiðum stofnunarinnar um að framkvæmdin ógni einstökum náttúruverðmætum er komið á framfæri og er vísað í þá umsögn fyrir nánari umfjöllun.

Heimildir eru veittar fyrir fleiri vatnsaflsvirkjunum sem líkt og Hnútuverkjun ná ekki 10 MW lágmarki til að vera til umfjöllunar í rammaáætlun. Þar má nefna 9,8 MW rennslisverkjun í Skaftá í landi Skaftárdals sem er stór verkjunarkostur sem eftir á að meta umhverfisáhrif af. Síðan er það Skálarverkjun sem er einungis 5 MW en henni fylgir 10 ha lón á svæði sem er að hluta á C-hluta náttúruminjaskrár þar sem Skaftáreldahraun er innan áhrifasvæðis verkunnarinnar. Einnig á eftir að meta umhverfisáhrif Skálarverkjunar að fullu m.a. á gróðurfar og dýralíf. Náttúrufræðistofnun telur að áform um Skálarverkjun séu ekki í góðu samræmi við markmið aðalskipulagsins um verndun Skaftárhrauns. Mjög mikilvægt er að umhverfisáhrif verkunnarinnar séu rýnd gaumgæfilega.

Náttúrufræðistofnun telur að áætluð uppbygging frístundabyggðar og verslunar- og þjónustu í landi Hátúns innan Landbrotshóla sem eru á C-hluta náttúruminjaskrár, feli í sér töluverða ógn fyrir verndun hólanna sem teljast til merkra jarðminja. Þá verða ásýndaráhrifin mjög mikil. Frekar ætti að stefna að því að styrkja vernd Landbrotshóla líkt og fram kemur í umsögn Náttúrufræðistofnunar um vinnslutillögu aðalskipulagsins.

Náttúrufræðistofnun telur að i umhverfismatsskýrslunni hefði mátt fjalla um áætlaða uppbyggingu hótels og fleiri bygginga í Tungu, en uppbyggingin er m.a. mjög nálægt vötnum þar sem er auðugt fuglalíf og hefur umtalsverð ásýndaráhrif.

Einnig hefði mátt taka til umfjöllunar ýmis áform um ný efnistökusvæði og umhverfisáhrif af þeirri efnistöku en þau eru allmörg. Efnistaka getur raskað jarðminjum, gróðurfari og búsvæðum fugla sem og haft töluverð ásýndaráhrif.

Athygli vekur að ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu vindorkugarðs Qair við Grímsstaði í Meðallandi í aðalskipulagstillögunni en áform um stórt vindorkuver á vegum fyrirtækisins eru í ferli mats á umhverfisáhrifum hjá Skipulagsstofnun og veitti Náttúrufræðistofnun umsögn um matsáætlun framkvæmdarinnar þann 12. maí 2021.

Náttúrufræðistofnun hefur ekki frekari athugasemdir að svo stöddu en vill almennt benda á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu eigi að byggja á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúruvar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Ólafur Júl Byggingarfulltrúi" <bygg@klaustur.is>

To: "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "anr@anr.is" <anr@anr.is>; "fiskistofa" <fiskistofa@fiskistofa.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>; "Kristinn Magnússon" <kristinn@minjastofnun.is>; "Upplýsingar - Ferðamálastofa" <upplýsingar@ferdamalastofa.is>; "for@for.is" <for@for.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Info - VATN" <info@vjp.is>; "landvernd@landvernd.is" <landvernd@landvernd.is>; "Land.is - LAND" <land-land@land.is>; "skogur@skogur.is" <skogur@skogur.is>; "rarik@rarik.is" <rarik@rarik.is>; "landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>; "office@vedur.is" <office@vedur.is>; "gudmundurs@biskup.is" <gudmundurs@biskup.is>; "info@katlageopark.is" <info@katlageopark.is>; "Eldvötn - samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi" <eldvotn@gmail.com>; "Bjarni Guðmundsson" <bjarni@sudurland.is>; "info@seglbudir.com" <info@seglbudir.com>; "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "myrdalshreppur@vik.is" <myrdalshreppur@vik.is>; "hvolsvollur@hvolsvollur.is" <hvolsvollur@hvolsvollur.is>; "ry@ry.is" <ry@ry.is>; "asahreppur@asahreppur.is" <asahreppur@asahreppur.is>; "thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is" <thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is>; "skutustadahreppur@skutustadahreppur.is" <skutustadahreppur@skutustadahreppur.is>; "afgreidsla@hornafjordur.is" <afgreidsla@hornafjordur.is>

CC: "sveitarstjóri@klaustur.is" <sveitarstjóri@klaustur.is>; "oddviti@klaustur.is" <oddviti@klaustur.is>; "jonhrafni@eldhraun.is" <jonhrafni@eldhraun.is>; "runargudna@gmail.com" <runargudna@gmail.com>; "Jóna Björk Jónsdóttir - vatn" <jona.b.jonsdottir@vjp.is>; "beggjkrk@gmail.com" <beggjkrk@gmail.com>; "Margrét Ólafsdóttir" <margret@landmotun.is>

Subject: Aðalskipulag Skaftárhrepps 2019-2031 - Heildarendurskoðun

Date: 13.5.2022 12:51:08

Sæl

Undirritaður fh. Skaftárhrepps leitar umsagnar á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2019-2031 – Heildarendurskoðun

Aulýst 19.maí 2022 og athugasemdarfrestur er til og með 30.júní 2022 (sjá nánar á www.klaustur.is (<http://www.klaustur.is>) frá og með 19.maí 2022)

Óska eftir að móttaka þessa pósts verði staðfest

Bestu kveðjur / best regards

Ólafur Elvar Júlíusson

skipulags- og byggingarfulltrúi

netfang: bygg@klaustur.is (mailto:bygg@klaustur.is), sími: 487-4840

Skaftárhreppur, Klausturvegi 4, 880 Kirkjubæjarklaustur

Þessi tölvupóstur og viðhengi hans gætu innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa né skrá neinar upplýsingar eða

notfæra á nokkurn hátt og tilkynna sendanda að upplýsingarnar hafi ranglega borist þér (Sbr. 2. mgr. 44. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999). Vinsamlegast eyðið póstinum og öllum viðhengjunum í slíkum tilvikum. Efni tölvupóstsins og viðhengi er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi Skaftárhrepps.

From: Skönnun í tölvupóst [mailto:scanni@klaustur.is]

Sent: föstudagur, 13. maí 2022 12:42

To: Byggingarfulltrúi <bygg@klaustur.is>

Subject: Skannad skjal

Viðhengi

image001.png (5 KB)